Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs.

Starfsskýrsla endurskoðunarnefndar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins fyrir tímabilið ágúst 2025 til júní 2026



Endurskoðunarnefnd SHS bs.

Júní 2026

1. NEFNDIN OG SKIPAN HENNAR

Í samþykkt fyrir endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar frá 10. júlí 2014 kemur fram að dótturfélög Reykjavíkurborgar teljist einingar innan samstæðu hennar í merkingu ársreikningalaga og skipar borgarstjórn endurskoðunarnefnd fyrir samstæðu Reykjavíkurborgar.

Stjórn Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. hefur samþykkt að fela endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar að vera endurskoðunarnefnd félagsins og fyrir liggur samningur um samstarf nefndarinnar og stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs.

Endurskoðunarnefnd Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. skipa eftirtalin;

- Lárus Finnbogason, formaður
- Einar Sveinn Hálfdánarson
- Sigrún Guðmundsdóttir
- Sunna Jóhannsdóttir

Varamenn eru;

- Danielle Pamela Neben
- Ólafur Kristinsson
- Páll Grétar Steingrímsson

2. UM ENDURSKOÐUNARNEFNDIR

Endurskoðunarnefnd er undirnefnd stjórnar og starfar í umboði hennar. Markmið með skipan endurskoðunarnefndar er að bæta starfshætti í málum er snúa að fjárhagslegu eftirliti. Fjallað er um verkefni endurskoðunarnefnda í IX. kafla A í lögum um ársreikninga. Fram kemur í lögunum að við einingar tengdar almannahagsmunum skuli starfa endurskoðunarnefnd en öðrum einingum er frjálst að skipa endurskoðunarnefndir. Þeir sem skipa endurskoðunarnefnd skulu vera óháðir endurskoðendum einingarinnar og þá skal meirihluti nefndarmanna jafnframt vera óháður einingunni. Gerð er sú krafa að nefndarmenn hafi þekkingu og reynslu í samræmi við störf nefndarinnar.

Lögbundin verkefni endurskoðunarnefnda eru eftirfarandi:

- Eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila.
- Eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits einingarinnar, innri endurskoðun, ef við á, og áhættustýringu.
- Eftirlit með endurskoðun ársreiknings og samstæðureiknings einingarinnar.
- Mat á óhæði endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis og eftirlit með öðrum störfum endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis.
- Setja fram tillögu til stjórnar um val á endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki.

Endurskoðunarnefndir eru mikilvægar við stjórnun og eftirlit fyrirtækja og félaga, hvort sem um er að ræða einka- eða opinberan rekstur. Þær gegna lykilhlutverki við að aðstoða stjórnendur við að uppfylla eftirlitsskyldur sínar við reikningsskil, innra eftirlit, áhættustýringu, innri og ytri endurskoðun og eftirlit þeirra með að starfsemin sé í samræmi við lög og reglur. Viðskiptaráð Íslands, Samtök atvinnulífsins og Nasdaq Iceland hafa gefið út leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja (6. útgáfa – febrúar 2021) þar sem fjallað er um hlutverk og verkefni endurskoðunarnefnda. Samkvæmt leiðbeiningunum skal endurskoðunarnefnd fara yfir fjárhagslegar upplýsingar og fyrirkomulag upplýsingagjafar frá stjórnendum, innri endurskoðun og ytri endurskoðendum. Þá skal nefndin yfirfara að þær upplýsingar sem stjórnin fær um rekstur, stöðu og framtíðarhorfur rekstrareiningar séu áreiðanlegar og gefi sem gleggsta mynd af stöðu hennar á hverjum tíma.

3. STÖRF NEFNDARINNAR Á STARFSÁRINU

Í starfsreglum endurskoðunarnefndar kemur fram að starfsár hennar nái yfir tímabilið ágúst til júní ár hvert.

Verkefni nefndarinnar á starfsárinu ágúst 2025 til júní 2026 tengdust fyrst og fremst lögboðnum verkefnum hennar. Hér á eftir er í tímaröð gerð grein fyrir helstu verkefnum nefndarinnar og fundum á starfsárinu sem ætti að gefa nokkuð skýra mynd af störfum hennar á liðnu starfsári.

NÓVEMBER 2025

Fram fer kynning á trúnaðarmerktri endurskoðunaráætlun ytri endurskoðenda, Grant Thornton, vegna endurskoðunar ársreiknings Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. fyrir árið 2024. [Fundur nr. 340, 17.11.2025].

DESEMBER 2025

Fram fer kynning á trúnaðarmerktum niðurstöðum úttektar Innri endurskoðunar og ráðgjafar á netöryggi hjá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins bs. [Fundur nr. 342, 15.12.2025].

JANÚAR 2026

Lögð fram lokadrög starfsskýrslu endurskoðunarnefndar fyrir Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs. fyrir starfsárið 2024-2025. Samþykkt. [Fundur nr. 345, 12.1.2026].

FEBRÚAR 2026

Fram fer kynning á ársreikningi 2025 ásamt endurskoðunarskýrslu fyrir Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs. Samþykkt að fela formanni endurskoðunarnefndar að ganga frá umsögn endurskoðunarnefndar til stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs.

Lögð fram svohljóðandi bókun endurskoðunarnefndar: Endurskoðunarnefnd þakkar fyrir greinargóða kynningu á drögum að ársreikningi og endurskoðunarskýrslu.

Endurskoðunarnefnd telur að ársreikningurinn sé tilbúinn til afgreiðslu í stjórn Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. [Fundur nr. 348, 16.2.2026].

Lögð fram drög að innri endurskoðunaráætlun Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. fyrir tímabilið 2026-2027. Samþykkt og vísað til stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. [Fundur nr. 348, 16.2.2026].